

# Eftirfylgni: *Rekstur og starfsemi sendiskrifstofa Íslands*

## Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki fimm ábendingar sem stofnunin beindi til utanríkisráðuneytis árið 2015. Þær lutu að því að koma þyrfti á sérstökum fjárlagalið fyrir fasteignaviðskipti sendiskrifstofa, ljúka úttekt á erlendum fasteignum ráðuneytisins, setja viðmið um lágmarksmönnun sendiskrifstofa, fella brott heimild ráðuneytisins til að auglýsa ekki stöðu sendiherra og stuðla að jafnri stöðu kynjanna á sendiskrifstofum.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur verið brugðist við fjórum þessara ábendinga með viðunandi hætti. Ráðuneytið hefur á hinn bóginn lýst sig ósammála þeirri ábendingu sem varðar heimild þess að auglýsa ekki stöður sendiherra og Alþingi hefur ekki talið rétt að afnema þá heimild. Ríkisendurskoðun sér því ekki tilgang með að ítreka ábendinguna en minnr engu að síður á sjónarmið um gagnsæi, jafnræði og vandaða stjórnsýslu við ráðningu ríkisstarfsmanna.

## Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2015

Í skýrslunni [Rekstur og starfsemi sendiskrifstofa Íslands](#) (2015) kannaði Ríkisendurskoðun rekstur sendiskrifstofa Íslands erlendis. Meðal annars voru húsnæðismál og skipulag og framkvæmd mannauðsmála skoðuð. Þá var hugað að því hvernig staðið væri að gerð áætlana og eftirfylgni með þeim.

Að mati Ríkisendurskoðunar var fyrirkomulag utanríkisráðuneytis á rekstri sendiskrifstofa bæði hagkvæmt og skilvirkt. Rekstrarkostnaður skrifstofanna hafði að vísu aukist í krónum talið á tímabilinu 2007–13 en að teknu tilliti til áhrifa gengis og verðlagsþróunar dróst hann saman. Á sama tímabili fækkaði útsendum starfsmönnum um fjórðung og staðarráðnum um 13%. Ríkisendurskoðun hvatti utanríkisráðuneyti til að hafa ávallt heildarhagsmuni Íslands að leiðarljósi þegar teknar væru ákvarðanir um framtíð einstakra sendiskrifstofa.

## Ábendingar árið 2015

Ríkisendurskoðun beindi fimm ábendingum til utanríkisráðuneytis árið 2015. Ráðuneytið var hvatt til að óska eftir

sérstökum fjárlagalið fyrir fasteignaviðskipti sendiskrifstofa til að auka gagnsæi í rekstri þeirra. Einnig þyrfti það að ljúka úttekt sinni á erlendum fasteignum sínum sem fyrst og grípa til markvissra aðgerða í samræmi við niðurstöðurnar. Þá var því beint til ráðuneytisins að setja sér viðmið um lágmarksmannafla sendiskrifstofa til að sinna skyldum sínum með ásættanlegum hætti. Eins hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að beita sér fyrir því að heimild til að víkja frá meginreglu um auglýsingaskyldu fyrir stöðu sendiherra yrði felld úr lögum um utanríkisþjónustu Íslands. Að lokum var ráðuneytið hvatt til að stuðla markvisst að jafnri stöðu kynjanna á sendiskrifstofum Íslands og tryggja að störf þar skiptust ekki í sérstök karla- og kvennastörf.

Í viðbrögðum ráðuneytisins tók það undir það álit Ríkisendurskoðunar að reikningshald fasteignaviðskipta gæfi ekki rétta mynd af rekstrarkostnaði og kvaðst mundu kanna leiðir til að lagfæra það. Þá tók ráðuneytið undir ábendingu um mikilvægi aðhalds í húsnæðismálum, sérstaklega þar sem um stóran hluta af rekstrarkostnaði sendiskrifstofa er að ræða. Ráðuneytið vísaði til þess að umrædd úttekt á erlendum fasteignum væri í gangi og að byggt yrði á þeim upplýsingum sem kæmu fram við hana þegar ákveðið yrði á komandi árum, hvort og hvenær yrði reynt að selja eignir.

Varðandi viðmið um lágmarksmönnun á sendiskrifstofum benti ráðuneytið á það grunnviðmið að þrír útsendir starfsmenn störfuðu að lágmarki á hverri skrifstofu. Hlutverk sendiskrifstofa væri þó afar ólíkt og sama lágmarksviðmið gæti ekki gilt um þær allar. Leggja þyrfti mat á hvert tilfelli fyrir sig eftir verkefnum, áherslum og fjárveitingum.

Utanríkisráðuneytið tók fram í viðbrögðum sínum við ábendingu um að afnema undanþágu um auglýsingaskyldu fyrir stöður sendiherra að starfsmenn utanríkisþjónustunnar væru flutningsskyldir samkvæmt lögum nr. 37/1971 um utanríkisþjónustu Íslands. Framgangur þeirra í starfi væri því ólíkur því sem gerðist í öðrum opinberum stofnunum. Því teldi ráðuneytið mikilvægt að lögbundin undanþága frá auglýsingaskyldu yrði áfram í gildi.

Að síðustu tók utanríkisráðuneyti undir með Ríkisendurskoðun að stuðla þyrfti markvisst að jafnri stöðu kynjanna og taldi ráðuneytið sig gera það, bæði á sendiskrifstofum og á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Ráðuneytið myndi halda áfram að vinna að þessu markmiði.

## Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að utanríkisráðuneyti upplýsti um hvort, hvenær og hvernig brugðist hefði verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar frá 2015. Svar barst í byrjun febrúar 2018.

Í svörum ráðuneytisins kom fram að fasteignaviðskipti væru ekki lengur hluti af almennum rekstri sendiskrifstofa. Allar fasteignir utanríkisþjónustunnar hefðu verið færðar undir umsjón Ríkiseigna með tilkomu nýrra laga nr. 123/2015 um opinber fjármál árið 2016. Því væri ekki lengur þörf á því að stofna sérstakan fjárlaglið vegna fasteignaviðskipta.

Þá kom fram að utanríkisráðuneyti hefði lokið úttekt á erlendum fasteignum sínum í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar í október 2015. Þar hefði m.a. komið fram að við mat á því hvort og hvaða fasteignir erlendis kæmi til greina að selja væri rétt að líta til áætlaðs söluandvirðis, árlegs rekstrarkostnaðar, viðhaldskostnaðar á næstu árum og hvort húsnæðið uppfyllti þær kröfur sem gerðar væru til sendiráðsbústaða. Einnig hefði komið fram að flestir bústaðir í eigu utanríkisráðuneytis hentuðu vel sem embættisbústaðir og uppfylltu þær kröfur sem gerðar væru til þeirra.

Vegna viðmiða um lágmarksmönnun svaraði ráðuneytið því til að taka þyrfti mið af því að mannaflsþörf sendiskrifstofa væri mismunandi eftir starfsemi þeirra. Á sumum skrifstofum væri t.d. nóg að hafa einn útsendan starfsmann og einn staðarráðinn starfsmann en víða annars staðar væri þörf á fleiri starfsmönnum. Einnig kom fram að í nýrri skýrslu ráðuneytisins [Utánríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í sibreytilegum heimi](#) (september 2017) væru margvíslegar tillögur um mönnun sendiskrifstofa sem það væri nú með til skoðunar. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að skoða þessar tillögur vel og tryggja lágmarksmönnun þeirra sendiskrifstofa sem eru starfræktar.

Utánríkisráðuneyti er enn þeirrar skoðunar að réttmætt sé að það hafi heimild til undanþága á auglýsingaskyldu fyrir

stöður sendiherra. Ráðuneytið vísaði í því sambandi m.a. til umsagnar sinnar frá 27. maí 2015 um frumvarp til laga um breytingu á utanríkisþjónustu Íslands þar sem lagt var til að undanþáguákvæði yrði fellt brott. Í þeirri umsögn kemur m.a. fram að vegna lögbundinnar flutningsskyldu og framgangskerfis, sem og lögbundins hlutverks utanríkisþjónustunnar í hagsmunagæslu fyrir Ísland sé nauðsynlegt að lögbundin undanþága frá auglýsingaskyldu gildi áfram. Þar sem áður nefnt frumvarp hlaut ekki brautargengi á Alþingi sér Ríkisendurskoðun ekki tilgang með að ítreka ábendingu sína. Stofnunin bendir þó á að auglýsingaskylda starfa stuðlar að auknu gagnsæi, jafnræði og vandaðri stjórnábyrgð. Ráðuneytið er hvatt til að hafa þessi sjónarmið að leiðarljósi við ákvarðanatöku í mannauðsmálum sínum.

Utánríkisráðuneytið tók fram í svari sínu vegna ábendingar um að vinna þyrfti markvisst að jafnri stöðu kynjanna á sendiskrifstofum að ráðuneytið fylgdi jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á síðustu árum hefði verið haft í huga að kynjahlutföll séu sem jöfnust þegar ákvarðanir væru teknar um útsendingu flutningsskyldra starfsmanna. Ráðuneytið benti á að af þeim 25 flutningsskyldu starfsmönnum sem nýlega fengu framgang voru 13 karlar og 12 konur. Um leið kom fram að nánast eingöngu konur gegna starfi stjórnarráðsfulltrúa í utanríkisþjónustunni þótt starfið sem slíkt sé hvorki karla- né kvennastarf. Raunin sé sú að meirihluti umsækjenda um slík störf eru konur. Einn karl væri stjórnarráðsfulltrúi og hefði hann nýlega verið sendur til starfa á sendiskrifstofu.

## Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnábyrgð (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Utánríkisráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.